

Fimmtudaginn 12. mars 1992.

Nr. 450/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Guðmundi Bergmann Borgþórssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Sýknað af broti gegn 106. gr. alm. hgl.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds, sem krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing verði þyngd.

Það er ósannað, að ákærði hafi vitað, áður en hann fór niður í íbúð sína og sótti hlaðna haglabyssu, að ráðstafanir höfðu þá verið gerðar til að fá aðstoð lögreglu. Eigi er heldur fram kominn sönnun fyrir því, að ákærði hafi gert sér grein fyrir því, er hann fór upp í íbúðina á 6. hæð vopnaður byssu, að löggæslumenn væri þá komnir á vettvang. Verður, eins og atvikum er háttað, við það að miða, að ákærða hafi orðið þetta ljóst í þann mund, er lögregluþjónarnir Jónas Ragnar Helgason og Sigurður Reynir Þórarinsson réðust að honum og afvopnuðu hann. Samkvæmt því eru ekki efni til sakfellingar samkvæmt 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði réðst vopnaður haglabyssu og ölvaður inn í íbúð, þar sem fyrir voru níu manns. Hann hafði rétt áður komið þar óboðinn, verið vísað á dyr og lent þá í átökum við einn gesta í íbúðinni. Má því ætla, að hann hafi verið í uppnámi, er hann kom aftur upp í íbúðina vopnaður og að hann hafi með framkomu sinni þá stofnað lífi þeirra og heilsu, sem fyrir voru í íbúðinni, í mikla hættu. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð í héraðsdómi til 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Það

athugast, að í ákæru og héraðsdómi er ranglega vísað í 33. gr. laganna, en það var leiðrétt í flutningi málsins.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Fullnustu þriggja mánaða af dæmdri refsivist skal fresta og hún niður falla að liðnum þrem árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að upptæk skuli gerð byssa sú og skot, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, sbr. 35. gr. laga nr. 46/1977, sem vísar til 69. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Bergmann Borgþórsson, sæti fangelsi sex mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða refsivistar, og skal hún niður falla að liðnum þrem árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um upptöku Remington-haglabyssu og skotfæra svo og um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan árýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. október 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 24. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómarar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 535/1991: Ákærvaldið gegn Guðmundi Bergmann Borgþórssyni, sem tekið var til dóms 4. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. febrúar sl., á hendur ákærða, Guðmundi Bergmann Borgþórssyni, Neðstaleiti 4, Reykjavík, fæddum 13. ágúst 1956, fæðingarnúmer 489, „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. september 1990 undir áhrifum áfengis stofnað

lífi eða heilsu Jónasar Ragnars Helgasonar, lögreglumanns í lögregluliði Reykjavíkur, í stórhættu með því að beina hlaðinni haglabyssu að honum framan við íbúð nr. 2 á 6. hæð í Neðstaleiti 4 í Reykjavík og hafa, er Jónas Ragnar forðaði sér inn í þá íbúð, þar sem fyrir voru tveir aðrir lögreglumenn ásamt tveimur íbúum íbúðarinnar og fjórum gestum, fylgt á eftir með byssuna í skotstöðu og sveiflað henni til og þannig á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu þeirra í stórhættu, en á gangi í íbúðinni tókst lögreglumönnum að afvopna ákærða, er hann lét byssuna síga, en við að afvopna hann hljóp skot úr byssunni í vegg í íbúðinni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 33. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46, 1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á skotvopninu og skotunum, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins, samkvæmt 35. gr. skotvopnaganna''.

#### *Málavextir eru þessir:*

Laugardaginn 15. september 1990 kl. 1.46 var beðið um lögregluaðstoð að Neðstaleiti 4, 6. hæð, íbúð 2, en húsráðandi þar er Ásbjörg Emanúelsdóttir. Var beðið um lögreglu vegna þess, að ákærði mun hafa reynt að ráðast inn í íbúð Ásbjargar. Lögreglumenn fóru á vettvang og höfðu tal af Ásbjörgu, sem tjáði þeim, að ákærði hefði reynt að ráðast inn í íbúð hennar og þá lent í átökum við einn gesta hennar, Eirík Þórðarson. Kvaðst Ásbjörg hafa komið þeim fram á gang og ákærði þá slegið sig í andlit með þeim afleiðingum, að hún hlaut blóðnasir. Eiríkur hefði einnig hlotið áverka á hálsi og andliti, en ákærði var farinn niður í íbúð sína á 5. hæð. Atburðum er síðan lýst á eftirfarandi hátt í lögregluskýrslu Friðgerðar Br. Jónsdóttur lögreglumanns:

„Þegar við vorum að tala við fólkið inni í íbúðinni og Jónas Helgason, lögrþj. nr. 169, stóð fyrir framan íbúðardyrnar, heyrir hann, hvar Guðmundur kemur upp stigaganginn, og sér þá, að Guðmundur er með skotvopn í höndum og spanar (sic) vopnið upp. Þaut þá Jónas inn í íbúðina og varaði okkur um leið við, að Guðmundur væri með byssu. Þustu þá allir, sem inni voru, inn í herbergi og eldhús. Sigurður Þórarinnsson, lögrþj. nr. 42, var á leið inn í eldhús, en hafði aldrei augun af Guðmundi. En þegar Guðmundur var kominn inn í íbúðina, veifaði hann byssunni í kringum sig, og er Sigurður sá, að hann beindi byssunni í gólfið, stökk hann til og náði taki á Guðmundi aftan frá og lét sig detta aftur á bak með hann í gólfið, og hljóp þá skot úr byssunni í gólfið. Skal það tekið fram, að Sigurður slepti aldrei taki sínu á byssunni. Eftir að skotið

hafði hlaupið úr byssunni, járnaði undirrituð ásamt Sigurði Guðmund óðar.“

Segir síðan í lögregluskýrslu, að við skotið hafi komið hola í forstofugólf íbúðarinnar, 7,5 x 5,0 cm að ummáli og 1,5 cm. djúp. Hafi komið gat í vegg eftir höglín, 13 cm frá gólfi, og skemmdir á vegg skildu eftir sig ummerki á 35 cm löngu bili.

Umrætt skotvopn, sem er í eigu ákærða, reyndist vera Remington-hagla-byssa, model 11-87, special purpose, ser. nr. P.C. 176979, hlaupvídd 12ga, hlauplengd 26”, hálfsjálfvirk. Reyndust vera sjö skot í skotgeymi, og var lagt hald á skotvopnið. Auk þess var lagt hald á talsvert magn skotfæra, er fundust á heimili ákærða. Samkvæmt beiðni RLR skoðaði Hallgrímur Marinósson byssusmiður skotvopnið, og er niðurstaða hans sú, að skotgeymir hafi verið lengdur, og þannig hafi geymslurými hans aukist um 3-4 skot. Þá reyndist gikkþyngd byssunnar vera 1700 gr., sem að mati Marinós var svipað og í byssum sömu gerðar.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 2.30 sömu nótt. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,14‰.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn fengið gesti í íbúð sína, og kvaðst hann hafa setið að drykkju með þeim. Kvaðst ákærði hafa orðið mjög ölvaður og kvað þá hafa farið á Kringlukrána. Ákærði kvaðst áður hafa haft tal af eiginkonu sinni, sem var gestkomandi í íbúð Ásbjargar Emanúelsdóttur á 6. hæð að Neðstaleiti 4, en ákærði kvaðst sjálfur búa á 5. hæð. Ákærði kvaðst hafa reynt að fá eiginkonu sína með sér, en hún hefði verið eitthvað veik. Ákærði kvaðst ekki muna, hvernig hann komst heim eftir dvöl sína á Kringlukránni, og ekki kvaðst ákærði muna, hvað tímanum leið. Ákærði kvaðst hafa lent í einhverjum átökum við gest framan við íbúð Ásbjargar. Ákærði kvaðst síðan ekkert muna eftir sér, fyrr en hann var kominn inn í lögreglubifreið. Ákærði kvaðst hafa verið fluttur í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu og þar tekið úr sér blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Ákærði kvaðst morguninn eftir hafa verið fluttur inn í Síðumúlafangelsi og tekin þar af sér skýrsla. Ákærði kvaðst hafa spurt fangavörð, hvað hefði komið fyrir, og kvað ákærði, að sér hefði verið tjáð, að hann hefði verið með byssu. Ákærði kvaðst hafa átt umrædda byssu, sem hann kvaðst hafa geymt í skáp í svefnherbergi, en skotfærin hefðu verið geymd í efri skáp frammi á gangi.

Er ákærði var yfirheyrður hjá RLR, mundi hann atburði betur. Kvaðst ákærði muna eftir að hafa staðið með haglabyssu sína fyrir framan íbúðina, hann hefði opnað dyrnar og séð tvo eða þrjá lögreglumenn standa þar fyrir innan. Þá kvaðst ákærði muna, að hann var tekinn tökum og heyrði um leið, að skot hljóp úr byssunni.

Ákærði kvaðst eftir þetta hafa farið í sex vikna áfengismeðferð og kvaðst ekki hafa neytt áfengis eftir það.

Vitnið Friðgerður Brynja Jónsdóttir lögreglumaður, kt. 040363-2709, kom fyrir dóm 24. apríl sl.

Vitnið kvað, að beðið hefði verið um aðstoð vegna heimilisófriðar í Neðstaleiti 4. Kvaðst vitnið hafa farið á vettvang ásamt tveimur lögreglumönnum, og var þar haft tal af konu, sem sagði, að átök hefðu orðið milli ákærða og gests hennar. Var íbúðin opin, fullt af fólki þar inni og konan blóðug í framan. Vitnið kvaðst hafa staðið inni í íbúðinni ásamt öðrum lögreglumannanna, er það heyrði hinn þriðja kalla, en hann stóð frammi. Kvað vitnið lögreglumanninn hafa kallað, að ákærði væri með byssu, og um leið ruddist lögreglumaðurinn inn í íbúðina og ákærði á eftir með byssu í hendi. Kvað vitnið, að ákærði hefði sveiflað byssunni til. Vitnið kvaðst hafa ýtt fólki inn í herbergi og staðið þar í gættinni, þegar það sá Sigurð lögreglumann stökkva á byssuna, þegar henni er beint í gólfið. Kvað vitnið, að Jónas lögreglumaður hefði tekið ákærða tökum aftan frá og látið sig detta með hann, og í því hefði skot hlaupið úr byssunni. Kvað vitnið, að ákærði hefði verið yfirbugaður, og hefði hann ekki veitt mótspyrnu.

Vitnið kvað, að ákærði hefði ekki ráðist að lögreglumönnum, og ekki hefði hann beitt ofbeldi. Vitnið kvað, að hlaup byssunnar hefði beinst beint út frá ákærða. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort ákærði var með einhverjar hótanir. Þá kvað vitnið, að ákærði hefði ekki beint byssunni að neinum sérstökum, heldur sveiflað henni í kringum sig.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Jónas Ragnar Helgason lögreglumaður, kt. 031063-3299.

Vitnið kvaðst ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum hafa verið sent að Neðstaleiti 4 vegna tilkynningar um heimilisófrið þar. Kvað vitnið, að það hefði hringt þar á dyrabjöllu, en ekki fengið svar, og hefðu þau farið aftur út í lögreglubífreiðina og spurt, hvort ekki væri um rétt heimilisfang að ræða. Kvað vitnið, að þau hefðu fengið þau svör, að svo væri, og hefði hjálparbeiðnin verið ítrekuð. Kvað vitnið þeim nú hafa verið hleypt inn, og tók kona á móti þeim og sagði, að þarna hefði verið blóðbað. Maður hefði slegið sig og lent í átökum við gest hennar. Vitnið kvað þau hafa farið inn í íbúðina og kannað vettvang, og þar hefði blóðkám verið á vegg. Kvað vitnið, að Friðgerður hefði tekið að sér að gera skýrslu, og kvaðst vitnið hafa dregið sig í hlé, farið fram á gang, en skömmu síðar aftur inn í íbúðina. Var Friðgerður þá að ljúka skýrslugerð sinni. Vitnið kvaðst aftur hafa farið fram á gang og þá séð, að ljós kviknaði í ganginum og maður kom hlaupandi með haglabyssu. Kvað vitnið, að maðurinn hefði lyft henni, spanað (sic) hana og beint henni að höfði vitnisins. Vitnið kvað, að maðurinn hefði verið í um tveggja metra fjarlægð. Vitnið kvað manninn ekkert

hafa sagt. Vitnið kvaðst hafa hrint upp hurðinni, ýtt fólki frá og kallað: „Hann er með byssu!“ Vitnið kvaðst ekki hafa náð að loka dyrunum, og kvað vitnið ákærða hafa komið á eftir með byssuna og sveiflað henni í brjósthæð til og frá. Vitnið kvað, að Friðgerður og tveir, þrír gestir hefðu farið inn í herbergi, Sigurður hefði verið hægra megin og vitnið tveimur skrefum innan við hann. Vitnið kvaðst þá hafa snúið sér við og séð, að Sigurður náði taki á byssuhlaupinu. Kvaðst vitnið hafa séð, að ákærði sneri baki við vitninu, og kvaðst vitnið þá hafa hlaupið að ákærða, tekið þéttingsfast um maga hans, lyft honum upp og látið sig detta aftur á bak. Kvað vitnið þá hafa fallið í gólfið, og skömmu áður en þeir lentu, hljóp skot úr byssunni. Vitnið kvaðst hafa snúið ákærða á grúfu og séð strax, að enginn hafði orðið fyrir skoti. Vitnið kvað, að ákærði hefði síðan verið yfirbugaður og hefði enga mótspyrnu veitt.

Vitnið kvað, að fólkið í íbúðinni hefði verið áberandi ölvað og í töluverðu uppnámi, en íbúðin bar þess ekki merki, að blóðbað hefði orðið. Vitnið kvað, að þegar það sá ákærða fyrst, hefði það séð ákærða í gegnum rúðu á hurð á stigaganginum, en þegar ákærði beindi byssunni að vitninu, var ákærði kominn á pallinn og engin hurð á milli. Vitnið kvaðst hafa reynt að loka dyrunum að íbúðinni, en þær voru ekki í lás, og tókst honum ekki að loka þeim, enda kom ákærði strax á eftir.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Sigurður Reynir Þórarinsson lögreglu- maður, kt. 131150-2459.

Vitnið kvaðst hafa verið kallað á vettvang ásamt öðrum lögreglumönnum vegna heimilisófriðar að Neðstaleiti 4. Kvað vitnið þau hafa haft tal af heimilisfólki, sem sagði ákærða hafa lent í áflogum, en hann var farinn niður. Vitnið kvað Friðgerði hafa tekið að sér skýrslugerð, en Jónas hefði farið fram á gang. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða koma upp stigann með byssu í hendi. Kvað vitnið, að ákærði hefði opnað dyrnar inn á stigapallinn. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að ákærði spanaði (sic) byssuna, en ekki kvaðst vitnið hafa séð, að ákærði beindi byssunni að Jónasi. Virtist vitninu ákærði beina byssunni niður á við. Vitnið kvað Jónas hafa komið hlaupandi inn í íbúðina og sagt, að ákærði væri með byssu. Vitnið kvaðst hafa hlaupið að vegg í íbúðinni, snúið sér þar við og séð ákærða veifa byssunni í brjósthæð. Vitnið kvað ákærða hafa fljótlega beint byssunni niður á við, og kvaðst vitnið þá hafa stokkið til hans og gripið um byssuhlaupið. Vitnið kvað Jónas hafa tekið ákærða tökum aftan frá, þeir dottið í gólfið, og um leið hefði skot hlaupið úr byssunni. Vitnið kvað ákærða hafa sleppt byssunni, og hefði hann verið handjárnnaður án mótspyrnu.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Ásbjörg Margrét Emanúelsdóttir, kt. 130947-7519, til heimilis að Neðstaleiti 4, Reykjavík.

Vitnið kvaðst muna eftir máli þessu og kvaðst hafa verið undir áhrifum

áfengis umrætt sinn. Vitnið kvað, að eiginkona ákærða hefði komið í heimsókn, en vitnið kvaðst hafa verið með gesti. Vitnið kvað, að eiginkona ákærða hefði verið eitthvað lasin, hún hefði lagt sig. Kvað vitnið, að ákærði hefði komið og viljað fá konu sína með sér, en hún hefði ekki treyst sér til þess. Vitnið kvað, að ákærði hefði farið og komið aftur eftir smátíma og vildi enn fá konu sína með sér, og gerðist hann æstur. Vitnið kvaðst hafa reynt að fá ákærða til að fara út, en ákærði hefði verið tregur til. Vitnið kvað Eirík hafa blandað sér í málið og lent í átökum við ákærða. Kvaðst vitnið hafa hringt í lögreglu, en þeir (sic) hefðu verið seinir til. Vitnið kvaðst hafa slegið til ákærða, sem hélt Eiríki. Hefði ákærði sleppt Eiríki og slegið til vitnisins, sem fékk blóðnasir. Vitnið kvað ákærða hafa farið niður, og lögreglan hefði þá komið á vettvang. Kvað vitnið, að lögreglan hefði komið inn, og hefðu þeir (sic) haft tal af heimilisfólki og gestum. Vitnið kvaðst visst um, að allir lögreglumennirnir hefðu verið inni í íbúðinni allan tímann og enginn þeirra brugðið sér fram á gang. Vitnið kvað, að Eiríkur hefði kallað: „Passið ykkur, hann er með byssu,” og við það kvað vitnið, að lögreglumennirnir hefðu stokkið burt, einn inn í svefnherbergi og hinir tveir inn í eldhús. Vitnið kvað, að ákærði hefði komið inn í íbúðina með byssu í hendi, og kvað vitnið hann hafa beint henni niður í gólf allan tímann og sveiflað henni lítills háttar til. Kvað vitnið, að þá hefði skot hlaupið úr byssunni, og eftir það hefðu tveir lögreglumannanna stokkið á ákærða og afvopnað hann. Vitnið kvaðst ekki muna nánar, hvernig ákærði var afvopnaður, en það hefði gerst mjög snögg.

Vitnið Pálína Þórarinsdóttir, kt. 060951-3499, Dalbraut 1, Hnífsdal, kom fyrir sakadóm Ísafjarðarsýslu 11. september sl.

Vitnið kvað, að sér hefði verið boðið í íbúð þá, er atburðirnir gerðust í, af húsráðanda, Ásbjörgu Emanúelsdóttur. Á þeim tíma hefði ákærði setið inni í stofu íbúðarinnar og greinilega verið að rífast við íbúa. Eftir að vitnið kom þar inn, var ákærði beðinn að hverfa á brott úr íbúðinni, en það vildi hann ekki, og hefði þá húsráðandi beðið Eirík Þórðarson, eiginmann vitnisins, um aðstoð við að koma ákærða úr íbúðinni. Vitnið kvað ákærða og Eirík hafa gengið út á gang fyrir utan íbúðina, og þar hefði ákærði slegið til Eiríks. Í framhaldi af því hefði verið hringt á lögreglu og óskað eftir aðstoð, en þá hefði ákærði róast og farið niður í íbúð sína á næstu hæð fyrir neðan. Eftir þessa atburði kvaðst vitnið hafa farið inn í baðherbergi íbúðarinnar.

Vitnið kvað eiginmann sinn hafa setið í stól beint á móti útidrym íbúðarinnar, og hefði vitnið séð ákærða koma inn í íbúðina með byssu. Vitnið kvaðst hafa greint byssuna, og hefði hún vísað inn í íbúðina, en ekki gat það fullyrt, að henni hefði verið beint að neinum sérstökum. Þá kvað vitnið sambýlismann sinn hafa hrópað, að ákærði væri með byssu,

og hefði það þá lokað dyrunum að baðherberginu. Eftir það kvaðst vitnið hafa heyrt eitt skot.

Vitnið kvaðst hafa komið út af baðherberginu skömmu síðar, og hefði þá lögregla verið með ákærða í tókum. Hefði sér virst ákærði vera undir verulegum áhrifum áfengis. Ekki kvaðst vitnið geta fullyrt, hvort lögreglan var stödd í íbúðinni, þá er ákærði kom þar inn með byssuna, eða hvort lögregla hefði komið fyrst, eftir að hann hafði hleypt skotinu af, þar sem langt sé um liðið, síðan atburðirnir urðu. Vitnið tók fram, að það teldi, að ákærði hefði stofnað lífi allra íbúa íbúðarinnar í augljósa hættu með framferði sínu.

Vitnið Eiríkur Þórðarson, kt. 031159-5049, Dalbraut 1, Hnífssdal, kom fyrir sakadóm Ísafjarðarsýslu sama dag. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið statt ásamt eiginkonu sinni Pálinu Þórarinsdóttur, í íbúð nr. 2 á 6. hæð í Neðstaleiti 4, Reykjavík. Vitnið kvað ákærða hafa komið í íbúðina, skömmu eftir að vitnið kom þangað. Hefði ákærði verið með einhver illindi og skömmu síðar verið beðinn um að verða á brott úr íbúðinni. Hefði húsráðandi óskað eftir aðstoð vitnisins. Samskipti þess og ákærða hefðu endað með því, að þeir hefðu flogist á úti á gangi fyrir framan íbúðina. Fljótlega hefði ákærði róast og horfið á brott og það ásamt öðrum gengið inn í íbúðina. Þá hefði verið hringt á lögreglu, er hefði síðan komið á vettvang.

Vitnið kvað ákærða hafa komið inn um útidyr íbúðarinnar eftir komu lögreglu, og hefði ákærði þá verið með byssu í fórum sínum. Vitnið kvaðst hafa hrópað til nærstaddra viðvörunarorð og því næst skotist inn í eldhús íbúðarinnar. Ekki kvaðst vitnið hafa farið fram í anddyri fyrr en um 30 sekúndum eftir, að skoti hefði verið hleypt úr byssunni, og hefði lögreglan þá verið með ákærða í tókum.

Vitnið kvað lögreglu ekki hafa veitt ákærða eftirtekt, fyrr en það hefði hrópað viðvörunarorðin. Þá er ákærði kom í útidyrnar, hefði verið milli sex til sjö metrar á milli þess og ákærða, og hefði byssa ákærða vísað skáhallt niður, þannig, að ef skoti hefði verið hleypt úr byssunni, hefði það sennilega lent í fótum vitnisins. Sérstaklega aðspurt kvað vitnið ákærða ekki hafa beint byssunni að neinum sérstökum í íbúðinni, og ekki hefði hann verið með neinar hótanir á þeim tíma. Vitnið kvaðst telja, að veruleg hættu hefði stafað af ákærða, þar sem skotvopn séu það hættuleg í eðli sínu.

Vitnið tók fram um skýrslu sína hjá RLR, þar sem fram kemur, að ákærði hafi haldið byssunni í mittishæð, þannig að hlaup vísaði beint fram, að ekki væri rétt með farið, heldur hefði hlaup byssunnar vísað með þeim hætti, er það skýrði frá fyrir dómi.

#### *Niðurstöður.*

Með framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum í máli þessu telst nægilega sannað, að ákærði hafi undir áhrifum áfengis handleikið hlaðið

skotvopn á þann veg, er í ákæru greinir, að öðru leyti en því, að ekki telst sannað, að ákærði hafi sérstaklega beint byssunni að Jónasi Ragnari fyrir framan íbúðina, enda Jónas einn til frásagnar um það atriði. Varðar þessi háttsemi ákærða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 46/1977. Ekki verður talið, að 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga eigi við um atferli ákærða, enda beindist atлага hans einkum að fólki í áðurgreindri íbúð, og ósannað verður að telja, að ákærða hafi verið ljóst, að lögreglumenn voru á vettvangi, fyrr en hann opnaði dyrnar að íbúðinni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann árið 1976 dóm fyrir ölvunar-akstur, og þá hefur ákærði fimm sinnum á árunum 1974 til 1983 sæst á sektagreiðslur fyrir brot gegn áfengislögum, umferðarlögum og 217. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að ákærði beinir undir áhrifum áfengis hlöðnu skotvopni að hópi manna, og stafaði þannig augljós háski af atferli hans. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fullnustu helmings refsivistarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Eftir kröfu ákæruvalds og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í ákæru greinir, skulu upptæk til ríkissjóðs skotvopn þau, er lagt var hald á við rannsókn málsins.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmar Ingimundarsonar hrl., 40.000 kr.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Bergmann Borgþórsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsivistarinnar, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Upptæk skulu vera til ríkissjóðs Remington-haglabýssa og skotfæri, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hrl., 40.000 kr.